



Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar

Fréttabréf 2019

Á aðalfundi Minja- og sögufélags Vatnsleysustrandar sem haldinn var 19. mars síðastliðinn, var ákveðið að endurvekja fréttabréf félagsins. Nokkur ár eru síðan síðasta fréttabréf var gefið út og þó félagið sé virkt á samfélagsmiðlum er ekki hægt að gera ráð fyrir því sama um alla félagsmenn. Heilmikið hefur verið á döfinni hjá félaginu undanfarið og sumt ekki náð eyrum félagsmanna og annarra velunnara. Það er von stjórnar að þetta fréttabréf bæti þar úr.

Skjaldbreið

Uppbygging á hlöðunni Skjaldbreið stendur enn yfir. Fyrir áramót var lokið við að smíða burðarvirki þaks og gafla og eru þeir nú tilbúnir til uppsetningar. Áður en hafist verður handa við að reisa þarf þó að lagfæra hleðsluna að hluta til. Öll vinna er í höndum Jóns Ragnars Daðasonar, húsa- og bátasmiðs sem hefur mikla reynslu af smíði af þessu tagi. Hann hefur meðal annars unnið mikið fyrir Minjastofnun Íslands og Síldarminjasafnið á Siglufirði, sem margir þekkja.



Nýlega fundust á Þjóðskjalasafni Íslands upplýsingar um byggingarlag hlöðunnar. Auk þess sýndu gögnin nákvæmari tímasetningu á byggingunni og ásýnd Kálfatjarnar. Þessar upplýsingar eru mikilvægar við endurbæturnar og færa Skjaldbreið enn nær upprunalegu horfi en áætlanir náðu til.

Leitað var eftir styrkjum í verkið og hefur tekist að fjármagna það að stórum hluta. Helstu styrktaraðilar eru Minjastofnun Íslands (Húsafriðunarsjóður), Sveitarfélagið Vogar, Heklan (Uppbyggingarsjóður Suðurnesja) og Fjárlaganefnd ríkisins.

Helsta markmiðið með verkefninu er að vernda fornt byggingarlag og viðhalda hlöðunni Skjaldbreið og sögunni sem liggur að baki byggingu hennar og notkun.



Minjastofnun
Íslands



Norðurkot

Mikið hefur verið um að vera í Norðurkotsskóla undanfarin ár. Endurbótum þar er nú að mestu lokið og húsið fengið hlutverk skólaminjasafns. Tekið hefur verið á móti hópum og einstaklingum ásamt því að nemendur úr Stóru-Vogaskóla hafa heimsótt safnið og fræðst um skólagöngu barna áður fyrr, námsefni og kennsluhætti.



Sýning á munum tengdum skóla-sögunni er ávallt uppi en breytingar hafa verið gerðar þegar viðburðir eru haldnir í húsinu. Meðal viðburða má nefna Epladag, þar sem aðventu og jólum er gerð skil og þátttöku á Safnahelgi á Suðurnesjum þar sem ýmis söfn á Suðurnesjum eru opin almenningi. Auk þess hefur verið opið hús á Fjölskyldudögum í Vogum þar sem leikir barna eru í fyrirrúmi, s.s. pokahlaup, leikir

með leggi og skeljar, ganga á stultum og ýmislegt annað. Allt hefur þetta vakið athygli og kátínu, ekki síst þegar ömmur og afar spreyta sig.

Framkvæmdir eru fyrirhugaðar í Norðurkoti á næstunni þar sem mála þarf glugga og skipta um gler. Kjallarann þarf að einangra og koma þar upp aðstöðu til að varðveita hluti sem félaginu berast.

Varðveisla muna

Félaginu hefur borist fjöldi muna til varðveislu. Aðallega er um muni frá einstaklingum að ræða, sem á einhvern hátt tengjast sveitarfélaginu. Má í því sambandi nefna bækur og ýmsa smáhluti, auk húsgagna, mynda og fatnaðar. Kunnum við öllum gefendum bestu þakkið fyrir þeirra framlag til varðveislu sögunnar. Reynt er eftir bestu getu að varðveita munina svo vel fari. Myndir og gamalar bækur þarf t.d. að geyma í sýrufríum pappír og gæta þarf að raka og hitastigi. Eins og stendur er aðstaða félagsins til varðveislu lítil sem engin. Allt er þó varðveitt við sem bestar aðstæður og ekkert liggur undir skemmdum. Annar hluti varðveislunnar er skráning. Hingað til hafa munir verið samviskusamlega skráðir á



gamaldags máta. Besta skráningin er þó talin vera í gegnum miðlægan gagnagrunn þar sem hver hlutur er myndaður og nákvæmar upplýsingar um hann færðar. Á það jafnt við um hluti og ljósmyndir. Í því sambandi er unnið að því að Minjafélagið gerist aðildarfélag að Sarpi – Menningarsögulegu gagnasafni. Á vefnum sarpur.is er hægt að fletta upp upplýsingum um rúmlega milljón aðföng sem vistuð eru í gagnasafninu og þeim fjölga jafnt og þétt. Kostnaður við aðildina er hár fyrir lítið félag eins og Minjafélagið svo leita þarf leiða til þess að fjármagna þetta þarfa verk. Sú vinna er hafin.



Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 19. mars síðastliðinn. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf. Ragnildur Hanna Finnbogadóttir og Birgir Þórarinsson létu af störfum í stjórn félagsins. Kann félagið þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf undanfarin ár. Í þeirra stað í stjórn komu Bjarki Þór Wíum og Þorvaldur Örn Árnason. Bjarki er nýr íbúi í Vogum og hefur brennandi áhuga á sögulegum



fróðleik og varðveislu. Hann er uppalinn í Sandgerði og hefur m.a. verið duglegur að skrásetja bæjarstæði og gömul hús þar. Þorvald þekkja margir enda ötull liðsmaður í margskonar menningarmálum. Hann hefur starfað lengi með félaginu og verið áhugasamur um verkefni þess. Þeir félagar eru boðnir velkomnir til starfa.

Á fundinum var ákveðið að hækka félagsgjald í 2.500 kr. á ári. Rætt var um að hefja gjalddöku af hópum sem sækja Norðurkot heim. Það þótti að sinni ekki tímabært.

Á döfinni

Það er alltaf eitthvað á döfinni og framtíðin spennandi með öllum sínum verkefnum. Upptalningin hér að neðan er ekki tæmandi en sýnir glögg að verkefnin eru mörg og mismunandi.

Kirkjuhvoll – Gamla samkomuhúsið á Vatnsleysuströnd má muna sinn fífil fegurri. Minjafélagið vinnur að því að kaupa húsið og hefja endurbætur.

Skjaldbreið – Vonir standa til að endurbótum á hlöðunni, að utan verið að mestu lokið áður en vetur gengur í garð. Samhliða endurbótum er hafin skráning á sögu Skjaldbreiðar.

Norðurkot – Viðhaldsverkefni verða unnin í sumar, gluggamálun og einangrun á kjallara.

Sagnaritun – Haukur Aðalsteinsson vinnur að ritun sögu útgerðar í Vatnsleysustrandarhreppi. Hann hefur leitað til Minjafélagsins um aðkomu að útgáfu.

Umhverfið – Tiltekt og snyrting á athafnasvæði félagsins. Líkt og fyrri sumur þarf m.a. að slá gras á Kálfatjörn og hemja hvönn sem þar vex.

Vinna hefur að mestu verið á höndum stjórnarliða og nokkurra félagsmanna. Reynt verður að breyta því með markvissari upplýsingagjöf til félagsmanna og velunnara og fá þannig fleiri til þess að taka þátt í skemmtilegum verkefnum sem berast inn á borð félagsins. Margar hendur vinna létt verk.



Nýjir félagar

Að starfa í félagi eins og Minja- og sögufélagi Vatnsleysustrandar er gefandi og skemmtilegt. Þar er ekki bara setið yfir bókum og grúskað í gömlum fræðum. Að ýmsu þarf að huga og eru verkefnin margvísleg. Við smíðum, málum, bókum, hlöðum, eldum, steypum, skráum, lesum, spjöllum, skrifum, semjum, skipuleggjum, myndum, mokum, sláum og svo margt fleira. En umfram allt höfum við gagn og gaman af því að varðveita söguna og hluti sem tilheyra henni.

Við spjöllum heilmikið saman og spáum í fortíðina og framtíðina, skipuleggjum verkefni og ákveðum ný

Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári en stjórnarfundir nokkrum sinnum á ári. Við auglýsum vinnudaga og verk sem þarf að huga að og ætlum okkur að gera enn betur í að fá áhugasama til þess að vera með í þessu mikilvæga og gefandi starfi.

Nýjir félagar eru velkomnir. Ef eitthvað af ofangreindu á við þá áttu erindi í félagið.

Senda má póst á minjafelagvatnsleysustrandar@gmail.com senda skilaboð á Facebook síðu félagsins eða hafa samband við Helgu í síma 898-6724.